

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Svínhagi L7C, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 12. júlí 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga L7C. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu frístundahúss, vinnustofuhúss, bílgeymslu og gróðurhúss ásamt 2-3 gestahúsum.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 1. nóvember 2023.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 15. nóvember 2023